

EIGENDAFUNDUR ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2021, föstudaginn 10. desember kl. 10:00 var haldinn eigendafundur Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn á Bæjarhálsi 1, og um fjarfundabúnað.

Fundurinn var boðaður þann 22. nóvember 2021.

Þessi sátu fundinn: Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri Reykjavíkur, Sævar Freyr Þráinsson, bæjarstjóri Akraness og Þórdís Sif Sigurðardóttir, sveitarstjóri Borgarbyggðar. Einnig sátu fundinn Brynhildur Davíðsdóttir, formaður stjórnar OR, Bjarni Bjarnason, forstjóri OR, Bjarni Freyr Bjarnason, starfandi framkvæmdastjóri fjármála og Guðrún Erla Jónsdóttir, stefnustjóri.

Elín Smáradóttir var fundarritari.

Þetta gerðist:

Brynhildur Davíðsdóttir, formaður stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur setti fund og var kjörin fundarstjóri. Fundarstjóri fór yfir boðun fundarins. Engar athugasemdir voru gerðar við boðun. Að því loknu úrskurðaði fundarstjóri fundinn löglegan og stakk upp á að Elín Smáradóttir yrði fundarritari. Samþykkt.

1. Samþykkt fjárhagsspá 2022 og langtímaspá 2023 - 2027 lagðar fram til kynningar. Bjarni Freyr Bjarnason kynnti spárnar. Fjármögnun OR einnig kynnt. Umræður.
2. Skýrsla stjórnar OR um framfylgd eigendastefnu lögð fram til kynningar. Guðrún Erla Jónsdóttir kynnti efni skýrslunnar. Umræður.
3. Arðsemissstefna Orkuveitu Reykjavíkur, sbr. samþykkt stjórnar OR 25. október 2021, lögð fram til staðfestingar, óbreytt. Bjarni Freyr Bjarnason kynnti stefnuna og arðgreiðsluskilyrðin sem í henni felast. Umræður. Stefnan samþykkt samhljóða.
4. Arðgreiðslustefna Orkuveitu Reykjavíkur, sbr. samþykkt stjórnar OR 25. október 2021, lögð fram til staðfestingar. Bjarni Freyr Bjarnason kynnti stefnuna og arðgreiðsluskilyrðin sem í henni felast. Umræður. Stefnan samþykkt samhljóða.
5. Áhættustefna Orkuveitu Reykjavíkur, sbr. samþykkt stjórnar OR, dags. 25. október 2021, lögð fram til staðfestingar með breytingum. Umræður. Stefnan samþykkt samhljóða. Eigendur óska þess að breytingar verði sendar sem sérstakt erindi til kynningar fyrir sveitarstjórnnum eigenda.
6. Tillögur um stofnun tveggja nýrra hlutafélaga. Edda Sif Pind Aradóttir, framkvæmdastýra Carbfíx ehf. tók sæti á fundinum undir þessum lið. Fyrir fundinum liggja svohljóðandi tillögur:
 - *Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur-eigna ehf. samþykkir fyrir sitt leyti að stofnað verði nýtt rekstrarfélag um verkefni Carbfíx, hlutafélag Carbfíx hf., sem verði dótturfélag Carbfíx ehf. Samþykkt þessi er með fyrirvara um heimild hluthafafundar Carbfíx ehf. og eigendafundar OR. Jafnframt samþykkir stjórn fyrir sitt leyti að í framhaldinu verði stofnuð félag um einstök kolefnisförgunarverkefni.*

- *Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur-eigna ohf. samþykkir að stofnað verði verkefnafélag (e. Special purpose vehicle, SPV) um Coda Terminal verkefni Carbfix. Tillagan er samþykkt með fyrirvara um samþykkt eigendafundar Orkuveitu Reykjavíkur.*

Borgarstjóri kynnti umfjöllun um tillögurnar og umsögn borgarlögmans og fjármálastjóra Reykjavíkurborgar, sem lögð var fyrir borgarráð og lagði fram svohljóðandi tillögu, sbr. samþykkt borgarráðs, dags. 9. desember 2021:

Lagt er til að samþykkt verði tillaga stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur eigna ohf. frá 27. september 2021 um að stofnað verði verkefnafélag um Coda terminal verkefni Carbfix ohf. að því gefnu að fyrir liggi ótvíræð lagaheimild fyrir rekstri þess. Borgarstjóra, f.h. Reykjavíkurborgar, verði falið í samráði við aðra eigendur OR að leita eftir því við umhverfis, orku- og loftslagsráðherra að gerð verði breyting á lögum sem heimili Orkuveitu Reykjavíkur og dótturfélögum að þróa og reka í starfsemi sinni og taka þátt í verkefnum sem lúta að kolefnisförgun (Carbfix tækni) jafnvel þótt ekki sé um að ræða kjarnastarfsemi. Lagt er til að tillögu stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur frá 28. júní 2021 um stofnun Carbfix hf. verði ekki samþykkt að sinni þar sem fullnægjandi gögn liggja ekki fyrir, sjá nánari umfjöllun í umsögn. Áhersla verði lögð á hlutverk Carbfix ohf. sem leiðandi aðila við áframhaldandi þróun og rekstur Carbfix tækninnar og Orkuveitu Reykjavíkur gefin heimild til að fjármagna rekstur og fjárfestingar í samræmi við viðskiptaáætlanir.

Ákveðið að skipaður verði hópur fulltrúa eigenda sem vinni áfram að framgangi útfærslu á rekstrarfélagið Carbfix hf.

7. Önnur mál.

Eigendur óska bókað:

Eigendur þakka stjórn, stjórnendum og starfsfólki fyrir frábært samstarf á árinu sem er að líða. Sú fagmennska stjórnar, stjórnenda og starfsfólks sem eigendur upplifa í rekstri fyrirtækisins er einstök og til fyrirmyndar.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 11:51

Dagur B. Eggertsson

Sævar Freyr Þráinsson

Þórdís Sif Sigurðardóttir

Undirritunarsíða

Dagur B Eggertsson

Sævar Freyr Þráinsson

Þórdís Sif Sigurðardóttir